



Auðbjörg Reynisdóttir
Stóragerði 38
108 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2015

1405214/7.1/bs

Efni: Endurskoðun kvörtunarmáls Auðbjargar Reynisdóttur, kt. 210161-2289

Með bréfi dags. 15. maí 2014 sendi velferðarráðuneytið erindi þitt til Embættis landlæknis til meðferðar að nýju, með hliðsjón af niðurstöðu umboðsmanns Alþingis sbr. álit, dags. 10. apríl 2014.

Í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis segir: „Það er samkvæmt framansögðu niðurstaða mín að velferðarráðuneytið hafi ekki sýnt mér fram á að brot á andmælarétti Auðbjargar hafi ekki getað haft áhrif á niðurstöðu embættis landlæknis“.

Vegna þessa tók embætti landlæknis mál þitt vegna kvörtunar, dags. 30. júní 2010, til meðferðar að nýju.

Með bréfi embættisins, dags. 22. maí 2014, var umsögn óháðs sérfræðings send þér til kynningar og þér gefinn kostur á að koma að athugasemdum við umsögnina. Athugasemdir þínar bárust embættinu með tölvupósti þann 15. nóvember 2014 og voru sendar óháða sérfræðingnum til kynningar og hann beðinn um að láta vita ef hann teldi athugasemdirnar breyta á einhvern hátt fyrirbyggjandi umsögn sinni frá því í mars 2011. Í svari óháðs sérfræðings, mótt. 21. janúar 2015, kemur fram að hann telur athugasemdir ekki breyta umsögn sinni. Með bréfi embættisins, dags. 22. janúar 2015, var svar óháðs sérfræðings kynnt þér. Þá bárust embættinu athugasemdir þínar með tölvupósti þann 18. febrúar 2015.

Farið hefur verið ítarlega yfir mál þitt að nýju hjá Embætti landlæknis, einkum þær athugasemdir sem borist hafa frá þér sbr. framangreint. Það er niðurstaða landlæknis að athugasemdir þínar breyti ekki áliti landlæknis dags. 25. júlí 2011 og er niðurstaða landlæknis vegna kvörtunar þinnar hin sama og þar kemur fram.

Virðingarfyllst,

sviðsstjóri
Svið eftirlits og gæða